

Ár 2008, þriðjudaginn 5. ágúst, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Presti Ríkharsyni og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 10/2008**

Snæfellsnes  
gegn  
Haukum

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Snæfellsnes, kt. 520290-2579  
Eyrarvegur 14  
Ólafsvík  
Fyrirsvarsmaður: Arnar Guðlaugsson

**Kærði:**

Knattspyrnudeild Hauka, kt. 700387-2839  
Pósthólf 14  
220 Hafnafirði

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik Snæfellsnes og Hauka í Íslandsmóti b riðli 5. fl. kvenna sem fram fór þann 24. júlí s.l. verði breytt og liði Snæfellsnes dæmdur sigur í leiknum.

Kærði hefur ekki skilað greinargerð vegna málsins.

II.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Málavextir eru skv. kæranda þeir að í leik liðanna sem fram fór á Grundarfjarðarvelli þann 24. júlí s.l. var markvörður úr A-liði Hauka notaður sem útispilari í B-liði Hauka. Þjálfari Hauka viðurkenndi brot sitt fyrir þjálfara Snæfellsnes svo og stjórnarmönnum félagsins

### III.

#### Niðurstaða:

Í máli þessu liggur fyrir að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik. Samkvæmt 36.2.10 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót getur leikmaður aðeins verið hlutgengur með einu liði sama daginn og skv. 40.gr. sömu reglugerðar telst lið sem mætir ólöglega skipað til leiks hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra. Jafnframt segir í greininni að lið sem mæti ólöglega skipað til leiks, skuli sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000.

Svo sem að framan er rakið er óumdeilt að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik. Þá þykir rétt að beita kærða sekt sem þykir hæfilega ákveðin kr. 10.000.

Samkvæmt framanrituðu telst Snæfellsnes hafa unnið leikinn 3-0 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000 til KSÍ.

### IV.

#### Úrskurðarorð:

Snæfellsnes telst hafa unnið leik gegn Haukum í Íslandsmóti kvenna 5. flokki B sem fram fór 24. júlí á Grundarfjarðarvelli með markatölunni 3-0. Knattspymudeild Hauka ber að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000 til KSÍ

  
Gunnar Guðmundsson

Helgi R. Magnússon

  
Þróstur Ríkharðsson

#### Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.